

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði.

1. *Hverjar eru upphæðir endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggingaraðila vegna vinnu á byggingarstað sl. þrjú ár, sundurliðað eftir nýbyggingum, endurbótum eða viðhaldi á íbúðarhúsnæði?*

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra eru endurgreiðslur vegna nýbyggingar eða endurbóta og viðhalds á íbúðarhúsnæði til eigin nota sem hér segir:

		2005	2006	2007	2008*
Endurbætur og viðhald	kr.	372.000.000	506.000.000	532.000.000	299.000.000
Nýbyggingar	kr.	161.000.000	244.000.000	472.000.000	264.000.000
Samtals	kr.	533.000.000	750.000.000	1.004.000.000	563.000.000

* Tímabilið janúar–ágúst 2008.

2. *Hefur verið lagt mat á hvort og þá hve stór hluti af heildarlaunum fyrir þessa vinnu er ekki gefinn upp til skatts?*

Ekki liggur fyrir sérstakt mat á því hvort eða hve stór hluti af heildarlaunum vegna vinnu við íbúðarhúsnæði er ekki gefinn upp til skatts. Í þessu sambandi má benda á að í skýrslu fjármálaráðherra um umfang skattsvika sem lögð var fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002–2003 kemur fram að erfitt sé að leggja mat á það hvort svört atvinnustarfsemi hafi aukist vegna lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts úr 100% í 60% árið 1997 og þá hversu mikið.

3. *Kemur til greina að hækka endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskattsins? Hefur ráðherra slíkar aðgerðir til skoðunar og hverjir væru kostir og gallar við að hækka endurgreiðsluhlutfallið verulega?*

Upphaflega var endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði 100% en hlutfallið var lækkað í 60% á árunum 1996–1997. Sú breyting tengdist aukinni fjárþörf ríkisins vegna breytinga á lögum um vörugjald. Upphaflega endurgreiðslan var lögfest þar sem ljóst þótti að full skattskylda á þessu sviði hefði í för með sér hækkun á byggingarkostnaði og þar með byggingarvísitölu. Helsti kostur þess að hækka endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts er hvatning til eigenda íbúðarhúsnæðis að fara út í endurbætur eða viðhald á eign sinni en aftur á móti mundi hækkun á endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts auka útgjöld ríkissjóðs sem tæpast eru forsendur fyrir um þessar mundir. Slíkar aðgerðir eru því ekki til skoðunar sem stendur.